

Íslenzkt þjóðerni.

Eftir *Barða Guðmundsson*, þjóðskjalavörð.

Ari hinn fróði Þorgilsson hefir fyrstur manna, svo vitað sé, ritað um landnámssögu Íslands. Fjallar fyrsti kafli Íslendingabókar hans um þetta efni. Hefst frásögn Ara þannig: »Ísland byggðist fyrst úr Noregi á dögum Haralds hins hárfagra, í þann tíð er Ívar Ragnarsson loðbrókar létt drepa Edmund helga Englakonung, en það var 870 vetrum eftir Kristburð, að því er ritað er í sögu hans.« Því næst gerir Ari grein fyrir komu fyrsta landnámsmannsins, Ingólfss Arnarsonar, til Íslands og segir síðan: »Var fór manna mikil mjög út hingað úr Noregi, til þess uns konungurinn Haraldur bannaði, af því að honum þótti landauðn nema. Þá sættust þeir á það, að hver maður skyldi gjalda konungi 5 aura, sá er eigi væri fráskildur og þaðan færi hingað.«

Í hinni stuttu frásögn sinni getur Ari þess að engu, að landnemarnir hafi komið annars staðar frá en úr Noregi. Samt sem áður má ráða af orðum hans, að talsvert mikið hafi kveðið að þáttfökum manna í landnáminu, sem ekki voru af norrænum kynstofni. Ari telur upp 4 helztu landnámsmennina, — 1 úr hverjum landsfjórðungi, og bætir þeirri athugasemd við um þrjá þeirra, að þeir séu norrænir. Þetta er sýnilega ekkert handahófstiltæki, því að um fjórða landnámsmanninn segir Ari, að hann hafi verið sonur Rögnvalds jarls á Mæri. Þar

þurfti ekki frekari vitna við um þjóðernið, enda notar Ari orðið norrænn í hinni víðtækari merkingu, sem best má á því sjá, að hann kallar Helga magra, er ættaður var frá Gautlandi og uppalinn vestanhafs, norrænan. Það er á milli hins norræna og keltneska ætitstofns, sem Ari vill draga skýra merkjalinu. Þess vegna tekur hann það svo vandlega fram, hver verið hafi hinn þjóðernislegi uppruni landnámsmannanna fjögra. Verður þetta fyrir-bæri varla skýrt nema á einn veg: Ara hefir verið kunn-ugt um, að hinnar keltnesku blóðblöndunar hafi gætt næsta mikið á Íslandi. Annars hefði honum ekki hug-kvæmzt að taka það sérstaklega fram um hvern ein-stakan landnámsmann, að hann hafi verið af norrænu bergi brotinn.

Aðal heimildin um uppruna íslenzku þjóðarinnar er Landnámabók. Meginefni hennar hefir í fyrstu verið skráð á öndverði 12. öld. Hún greinir frá rúmlega 400 landnámsmönnum og um allmarga þeirra er þess getið, hvaðan þá bar að. Af frásögnunum má ráða, að meiri hlutinn hafi komið beint frá Noregi og sérstaklega frá vesturfylkjum landsins. Jafnfram verður þó séð, að fjöldi fólks hafi flutzt til Íslands »vestan um haf« og meðal þeirra, sem komu frá Bretlandseyjum, hafa sýnilega verið margir Keltar. Í Landnámabók er getið rúms tugar keltneskra landnámsmanna, en sú tala gefur auðvitað litla hugmynd um hina keltnesku blóðblöndun á Íslandi. Gera má ráð fyrir því, að margt af keltnesku þjónustufólkí hafi fylgt hinum norrænu landnámsmönnum, auk þess sem sumir þeirra voru kynblendingar eða kvongaðir keltneskum konum. Talandi tákni hinnar keltnesku þáttöku í frumbyggð Íslands eru mannanöfn svo sem Bekan, Bjólan, Bjollok, Dufgus, Dufþakur, Gilli, Grelöd, Kjal-lakur, Kjaran, Kjartan, Kormakur, Kalman, Kylan, Konal,

Melkorka, Mobil, Myrun, og Njáll, sem öll eru kunn frá fornsögu vorri.

Því miður greina höfundar Landnámabókar mjög sjaldan frá þjóðerni hinna norrænu innflytjenda. Að eins tveir þeirra eru með berum orðum kallaðir sænskir — þrisvar er orðið »norrænn« notað um landnámsmenn, 1 er sagður gauzkur að föðurkyni en flamskur í móðurætt og loks ber einn landneminn viðurnefnið »danski«. Á viðurnefni þetta sjálfsagt rót sína að rekja til þess, að umræddur landnámsmaður hafi verið alinn upp í Dammörku. Hann er talinn sonur Garðars Svavarssonar, er fyrstur norrænna manna fann Ísland. Um Garðar, er það tekið fram, að hann sé sonur Svavars hins sánska, fæddur í Svíaríki, en hafi átt jarðir á Sjálandi. Að sögn Landnámabókar var Garðar á ferð til Suðureyja að heimta föðurarf konu sinnar, er hann rak norður í haf og fann Ísland. Ef sögusögn þessi er rétt, gefur hún oss nokkra bindingu um það, að á 9. öld hafi Norðmennirnir ekki verið einir um siglingar á Atlantshafi norðan Bretlandseyja.

Sú kenning, að Íslendingar séu af norskum uppruna, er margra alda gömul. Virðist hún meira að segja koma fram hjá íslenzkum sagnamönnum á 13. öld. Hvernig þessi trú er til orðin, er ekki erfitt að skýra. Frásagnir Landnámabókarhöfundanna frá fyrri hluta 12. aldar báru það ríkulega með sér, að mikill þorri landnámsmanna væri frá Noregi kominn. En þar sem hinir íslenzku sagnaritarar á 13. og 14. öld höfðu enga sanna hugmynd um hin sögulegu viðhorf 9. aldar, fór það beint að vonum, að þeir tækju þessar frásagnir sem öruggt vitni um hinn norska uppruna þjóðarinnar. Er sízt við því að búast, að þeir gættu þess, að þótt landnámsmennirnir kæmu frá Noregi, var það engin sönnun fyrir

norskum uppruna þeirra. En nú vitum vér það, að á þeim tíma, sem Ísland byggðist, voru danskar og sænskar víkinganýlendur dreifðar hér og hvar yfir stór svæði af Evrópu. Áður en sú ályktun verður dregin út af frásögnum Landnámsbókar, að Íslendingar séu afkomendur Norðmanna, þarf að sanna það, að Norðmenn hafi verið einráðir í landi sínu á næstu mannsöldrum áður en Ísland var numið. Það hefir ekki verið gert, enda ólíklegt, að þess sé nokkur kostur.

Oss er kennt, að íslenzku landnámsmennirnir hafi flestir verið af kyni hinnar óðalbornu norsku höfðingjastéttar. Samt sem áður finnst þess enginn vottur, að óðalsréttur hafi verið tekinn upp á Íslandi í fornöld. Í fornlögum vorum kemur ekki einu sinni orðið óðal fyrir og þess munu varla finnast dæmi í eldri bókmenntum Íslendinga, að jarðeign hérlandis sé nefnd óðal. Það er engu líkara en Íslendingarnir hafi staðið öldungis framandi gagnvart hinum rótgrónu og fornu venjum Norðmanna á umræddu sviði. Að vísu má segja, að jarðirnar urðu að hafa gengið um lengri tíma að erfðum í sömu ætt, áður en þær gátu talizt óðal samkvæmt norskri venju og rétti. En þegar þess er gætt, að allmögri íslenzk höfuðból voru orðin um það bil hálfrar aldar gömul, er allsherjarlög voru sett hér á landi, skiptir þetta minnstu; því að samkvæmt norskum fornlögum gátum menn öðlast óðalsrétt jafnvel á skemmri tíma. Það verður ekki sagt, að líkurnar séu miklar fyrir því, að íslenzku landnámsmennirnir hafi alizt upp við óðalsrétt og norska stéttaskipun. — Ekki bætir það úr skák, ef sú skoðun Bugges er rétt, sem almennt er viðurkennt, að óðalsréttur hafi gilt að fornu í nýbyggðum Norðmanna í Orkneyjum og Hjaltlandi. Miðað við slíkar forsendur verður ekki auðvelt að koma því heim og saman, að

hin íslenzka höfðingjastétt á söguöld sé komin af norsku-
um óðalsbændum.

Gagnstætt því sem tíðkaðist meðal Norðmanna að
fornu, voru allir frjálsbornir menn á Íslandi jafnir fyrir
lögnum. Þeir nutu eins og sama réttar. Engu að síður
var allt frá fyrstu tíð mikill stéttamunur hér á landi.
Yfir bænda-almúganum stóðu hinar kynbornu ættir eða
goðastéttin, sem í raun rétti virðist hafa ráðið nær öllu
í landinu. Goðarnir voru í senn hinir andlegu leiðtogar
fólksins sem hofprestar og verðslegir yfirmenn. Við valda-
aðstöðu þessarar stéttar voru hin gömlu stjórnskipunar-
lög Íslendinga fyrst og fremst miðuð. Heimildirnar gefa
enga ástæðu til þeirrar ætlunar, að slík þjóðfélagsstétt
hafi nokkru sinni verið til meðal Norðmanna. Þvert á
móti verður beinlínis af þeim ráðið, að stjórnskipulag sitt
hafi Íslendingarnir ekki sniðið eftir norskri fyrirmynd. —
Vér höfum allmargar samtímis heimildir, sem varða sögu
Norðmanna á víkingaöldinni, sem sé skáldakvæðin. Þau
greina að vísu mest frá herferðum og sigrum konung-
anna, en þar er þó líka oft minnzt á þjóðfélagsstéttirnar,
jafnvel einnig á baráttuna milli heiðindóms og kristni.
Samt sem áður er aldrei getið þar um goða í Noregi.
Og í arfsögnunum, þannig sem þær birtast í ritum hinna
gömlu íslenzku sagnaritara, verður hið sama uppi á ten-
ningnum. Ekki einu sinni í hinum ítarlegu frásögnum af
kristniboðinu í Noregi og baráttu konunganna þar gegn
heiðninni eru goðar nefndir. Það er næstum því undr-
unarvert, að hinir íslenzku sagnaritarar skyldu ekki,
vegna áhrifa frá eigin sögu, gefa norskum höfðingjum
fyrri alda goðatitla í frásögnum sínum. Hér má sannar-
lega draga ályktanir út frá þögninni. Hið íslenzka goða-
veldi sem þjóðfélagsfyrerbæri er vissulega ekki arfur frá
hinum norska þjóðstofni.

Um það mun enginn efast, að bæði óðalsréttur og goðaveldi er miklu eldra meðal norrænna þjóða en Íslandsbyggð. Ef Íslendingarnir væru fyrst og fremst af norskum uppruna, skyldi maður hyggja, að þessi grundvallaratriði í þjóðfélagsbyggingu landanna hefðu verið sameiginleg fyrir Norðmenn og Íslendinga, að minnsta kosti í heiðni. En í stað þess kemur það skýrt í ljós, að hér ræðir um gjörólík þjóðasérkenni, bæði frá mennings- og þjóðfélagslegu sjónarmiði séð. Sérkenni, sem eru svo mikilvæg, að þau benda ótvíraett til þess, að þeir af forfeðrum vorum, sem réðu mestu um stjórnarháttu landsins í öndverðu, hafi yfirleitt ekki verið norskir, þótt ættaðir væru frá Noregi.

Samkvæmt frásögnum Landnámabókar hafa fræðimenn jafnan haldið því fram, að flestir landnámsmannanna hafi komið frá vesturfylkjum Noregs. Málfræðingar hafa meira að segja þótt geta sannað þetta, með samanburði á þróun hinnar íslenzku tungu og norsku mállyzknanna vestanfjalls. En fornmenjafræðingarnir hafa líka sína sögu að segja. Í vesturfylkjum Noregs hafa þeir rannsakað fjölda af dauðra manna gröfum frá víkingaöldinni og komið að þeirri öruggu niðurstöðu, að mjög mikið hafi þar ennþá kveðið að líkbrennslu á umræddum tíma. Er svo talið, að bálfarargrafirnar séu í miklum meira hluta. Á Íslandi hafa líka fundizt og verið athuguð allmög leiði frá víkingaöld í ýmsum byggðarlögum. Meðal þeirra er engin bálfarargrön. Þess er heldur hvergi getið í hinum fjölskrúðugu fornþókmenntum Íslands, að líkbrennsla hafi átt sér stað sem helgjathöfn. Ganga sérfræðingar því út frá því sem gefnu og telja fullsannað, að bálfarir hafi ekki tilkazt meðal landnámsmanna hér né afkomenda þeirra.

Á þessu furðulega fyrirbæri hafa vísindin enga við-

unandi skýringu getað gefið. Þess er heldur ekki að vænta, svo lengi sem menn treysta á gömlu kennunguna um hinn norska uppruna íslenzku þjóðarinnar. En um leið og vér losum oss undan þeirri trúarsetning, að Íslendingar séu aðallega af vestnorskum stofni, blasir skýringin við. Hinir gjöróliku útfararsiðir Noregs á víkinga-öldinni munu fyrst og fremst eiga rót sína að rekja til innflutnings erlendra manna til landsins, — manna, sem komu frá landi, er hafnað hafði hinum forna líkbrennslu-
sið. Innflytjendurnir halda fast við menningu feðra sinna, — sjálfsagt vegna þess, að þeir hafa tekið sér bólfestu í hinu nýja landi sem sigurvegarar og herrar landslyðs-
ins þar. Þeir grófu sína framlíðnu að hætti hins gamla föðurlands, þótt Norðmennirnir fylgdu trúlega hinum fornu útfararsiðum sinnar þjóðar.

Nú skiljum vér, hvers vegna hins stórfellda munar gætir á útfararsiðum Norðmanna og Íslendinga í heiðni. Meginþorri þeirra manna, sem fluttu út til Íslands frá Noregi, hafa verið af ættum aðkomumannanna þar. Og svo sem feður þeirra höfðu haldið í heiðri menningu ættlands síns í Noregi, gerðu niðjarnir á Íslandi það einnig. Þess vegna eru bálfarir óþekkt fyrirbæri meðal hinna heiðnu Íslendinga.

Það er ekki erfitt að koma auga á það, hvers vegna einmitt mennirnir, sem ekki höfðu tileinkað sér bálfarari-
siðina, lögðu leið sína til Íslands. Á sama tíma sem Ís-
land byggðist, á sér stað í Noregi stórkostleg umbylting.
Grundvöllurinn er lagður að norska þjóðríkinu. Hin fjöl-
mörgu smártíki Noregs sameinast í eitt konungsdæmi.
Erlendu innflytjendurnir, sem setið höfðu yfir hlut lands-
ins barna um lengri tíma, verða annað hvort að beygja
sig fyrir norskum lögum og siðvenjum eða hafa sig
brott. Margir velja þá þann kostinn, að leita hælis á

landinu nýfundna vestur í Atlantshafinu. Þar mynduðu þeir sitt eigið ríki, svo sem bezt þótti henta.

Hvert eiga nú þessir fyrstu merkisberar forníslenzkrar menningar ættir sínar að rekja? Legstaðir víkingaaldarinnar, hin þúsund ára gömlu, þöglu vitni, leiða oss að ráðningu þeirrar gátu. Fornminjafræðingarnir hafa sýnt, að bálfarir tilkuðust um gjörvöll Norðurlönd á næstu mannsöldrunum fyrir Íslands byggð, nema á dönsku eyjunum og Jótlandi sunnan Limafjarðar. Þannig virðist einn af meginstofnum íslenzkrar þjóðar vera að öndverðu vaxinn upp í hjarta hins forndanska konungsríkis. Með dönskum útflyttendum berast danskar trúarhugmyndir og greftrunarsiðir til Noregs og síðan frá Noregi til Íslands með niðjum þessara manna. Frá Vikingaöld finnast engir brunalegstaðir á Íslandi og hinum dönsku eyjum, segja fornmenjafræðingarnir. Sú staðreynd gefur eigi litla bendingu um uppruna Íslendinga.

Vér snúum oss þá aftur að þeim stórfellda mun, sem heimildirnar benda til, að verið hafi á þjóðarháttum Íslendinga og Norðmanna víkingaaldarinnar. Hann verður ómögulega skýrður til neinnar hlítar út frá þeirri forsendu, að Ísland hafi verið norsk nýlenda. Það er öldungis út í bláinn að tala um goðana, yfirstétt íslenzku þjóðarinnar, sem arftaka hersanna í Noregi, þjóðfélagslega séð. Enda mun sú skoðun nú eiga fáa eða enga formælendur meðal fræðimanna. En jafn ólíklegt er það, að hið sérkennilega íslenzka goðaveldi eigi sér ekki fyrir-mynd meðal forfeðra íslenzku þjóðarinnar. Þúsund ára gömul vitni láta aftur til sín heyra. Eydanskar rúnaristur frá víkingaöld færa oss heim sanninn um það, að goðar, sem höfðingjastétt, hafi verið til í Danmörku á þeim tínum, sem Ísland var numið, og einmitt þar sem engar líkbrennslugrafir hafa fundizt frá 9. öld. Aðeins á meðal

Íslendinga og Dana er það vitað með vissu, að goðastétt hafi verið til. Á hinn bóginn tíðkaðist hjá hvorugri þjóðinni óðalsréttur, en merkilega mikið jafnrétti meðal þjóðfélagsstéttanna. Hér ræðir vissulega um höfuðsérkenni á þjóðfélagsháttum Íslendinga og Dana til forna, sem ekki áttu hliðstæður meðal Norðmanna. — Þegar þess er svo gætt, að viðskipti öll á fyrstu öldum eftir Íslands byggð voru mörgum sinnum meiri milli Íslendinga og Norðmanna en milli hinna fyrrnefndu og Dana, má auðsætt vera, að ekki er hægt að ganga þegjandi með axlalyftingum framhjá nefndum staðreyndum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrrum kölluðu Íslendingar móðurmál sitt, hina sameiginlegu tungu Norðurlandabúa, »danska tungu«. Í heimildunum kemur heitið fyrst fyrir í versi ortu af Sighvati Þórðarsyni snemma á 11. öld og síðan rekumst vér á það að öðru hvoru um hálfrað fjórðu aldar skeið. Fyrst á 13. öld virðist heitið »norræna« vera farið að ryðja sér til rúms á Íslandi og er ekki að efa, að það sé vegna áhrifa frá Noregi. Um það er engum blöðum að fletta, að dönsk tunga í merkingunni »vor tunga« er hið upprunalega heiti hjá landsins eigin börnum á því máli, sem þau tölzuðu. Þetta má skýrast marka af lagamálinu. Þar eru aðeins notuð orðin dönsk tunga eða vor tunga um hið norræna mál. Að vísu eru íslenzk lög ekki færð í letur fyrr en 1118, en það skiptir minnstu í þessu sambandi. Það er sjálfgefið, að heitið »dönsk tunga« á því máli, sem Íslendingar tölzuðu og rituðu, hefir ekki verið lánað hjá Dönum eftir að landnámi lauk. Og til þess eru engar líkur, að Norðmennirnir hafi notað þetta heiti til að tákna hina norrænu tungu.

Hvers vegna var nú íslenzku landnámsmönnum það eiginlegt að kenna mál sitt við Dani? Á þessu hefir

aldrei fengizt nein rökstudd skýring. Það gildir sama um þetta mikilvæga atriði sem um íslenzka greftrunarsiðinn á víkingaöld og goðana, sem ekki tóku upp óðalsrétt í landi sínu, þótt þeir ættu að vera af norskum höfðingjaættum. Öll úrlausnarefnin hafa verið margrædd, en það er óhætt að segja, að lítið hafi áunnizt til skýringar. Sú rótgróna gamla skoðun, að íslenzka þjóðin væri næustum eingöngu af norsku bergi brotin, hefir lokað fyrir útsýnið. Þó liggur skýring allra úrlausnarefnanna næsta beint við, og hún er í stuttu máli þessi: Það eru menn af dönskum kynstofni, sem í fyrstu hafa átt einna mestan þátt í því að marka íslenzkri þjóðlífssþróun braut.

Það vill nú svo til, að mjög áreiðanleg heimild. Einhards-annállinn, tekur af skarið um það, að í byrjun 9. aldar höfðu Danir fært valdasvið sitt norður fyrir Jótlandshaf. Við árið 813 er frá því skýrt, að dönsku konungarnir Haraldur og Ragnfröður hafi ekki verið heima, heldur í Vestfold með her sinn, til þess að bæla niður uppreist, sem höfðingjar og landslyður þar hafi gert gegn yfírráðum þeirra. Um legu landsins er það skýrlega tekið fram, að það sé »fjarlægasti« hluti Danaveldis og viti gegn norðurodda Bretlands. Er því ekki um það að villast, að annálsritarinn notar heitið Vestfold ekki aðeins um landshluta þann, sem nú er þannig nefndur, heldur einnig um Agðir. Þetta kemur oss ekki á óvart, þar sem ráða má af ýmsu, að Vestfold hafi fyrr verið höfuðríkið í Suðaustur-Noregi. Má það og heita sjálfgefið, að hinir dönsku konungar hafi talið sig verá drottna allrar norðurstrandar Jótlandshafs á þessum tíma, enda efalaust átt þar viða mikil ítök.

Eftir að dönsku konungarnir voru komnir heim frá því að bæla niður uppreistina í Suður-Noregi, urðu þeir brátt að flýja úr landi fyrir sonum hins mikla herkonungs

Dana, Guðröðar, er andazt hafði þrem árum áður. Há-rekur Guðröðarson var síðan konungur Danaveldis í næstum 40 ár. Enginn vottur þess finnst í heimildunum, að valdsvið Dana norðan Jótlandshafs hafi minnkað á þessum tíma. Þvert á móti má með gildum rökum gera ráð fyrir því, að þeir hafi stórlæga fært út kviarnar og náð yfírráðunum á siglingaleiðinni norður með vesturströnd Noregs með því að setjast þar að sem bezt þótti henta í því augnamiði. Vér vitum, að á þessum tímum hefja Danirnir stórkostlega sókn á hendur hinum gömlu menn-ingarríkjum Vestur-Evrópu. Herja þeir viðsvegar um hið mikla Fránkaríki, allt suður að Miðjarðarhafi, og gera jafnframt stórfelldar árásir á Saxland og Bretlandseyjar. Um það bil sem landnám hófst á Íslandi, höfðu Danir lagt undir sig mikinn hluta Englands og setzt að bæði á Írlandi og ströndum meginlands Vestur-Evrópu. Hvar-vetna sjáum vér víkingaskarana fylgja verzlunarleiðunum og freista þess að taka herskildi þá staði, þar sem fjára-flavonin var mest. Þegar þessa er gætt, verður það öldungis óhugsandi, að Danir hafi forsmáð með öllu yfir-ráðin yfir siglingaleiðinni norður að skreiðar og skinna-mörkuðum Norður-Noregs. Og jafnvist má telja, að hin sundurleitu og strjálbýlu smáriki Vestur-Noregs hafi ekki frekar getað varizt yfргangi og ásókn Dananna en Vest-foldska ríkið, sem vér vitum með vissu, að Danakonungar voru búrir að leggja undir sig við upphaf Vikingaaldar.

Prudentius biskup í Troyes, getur þess í annál sínum, að árið 850 hati brotizt út strið á milli Háreks konungs Guðröðarsonar og tveggja bróðursona hans. Varð konungur að láta af hendi við þá hluta af ríki sínu. Á sama tíma og þetta skeði má sjá á írskum heimildum, að grimm baráttu hófst innbyrðis á milli hinna norrænu víkinga í Írlandi. Eru víkingar þessir, sem hildarleikinn háðu, kall-

aðir Daunítar og Lochlannar. Eftir þriggja ára stríð urðu Daunítarnir ofaná. Árið 853 kom Ólafur sonur Guðröðar konungs Rögnvaldssonar í Lochlann til Írlands með skipun frá föður sínum um það að taka skatt af Írum og undir hans merki fylktu sér nú jafnt Daunítar sem Lochlannar.

Það má nú auðsætt vera, að Lochlannar eru þegnar Guðröðar konungs Rögnvaldssonar. En jafnframt má það vekja athygli, að Daunítarnir, sem voru nýbúnir að sigra Lochlanna eftir heiftúðugt stríð, gerast menn Ólafs sonar hans, án þess að veita honum minnstu mótsþyrnu. Sennilegasta skýringin á þessu er sú, sem Zimmer hefir gefið, að bæði Daunítar og Lochlannar hafi verið Danir. Það verður þá auðskilið, hvers vegna hinir fyrrnefndu sætta sig við yfirráð konungssonarins frá Lochlann. Þegar friður var kominn á í heimaríkinu, hættu víkingarnir í Írlandi einnig að berast á banaspjót innbyrðis. Schück hefir haldið því fram með góðum rökum, að Guðröður konungur í Lochlann hafi einmitt verið annar þeirra bróðursona Háreks konungs, sem Prudentius talar um. Ólafur sonur Guðröðar konungs réði ríki í Dublin í 18 ár og kemur mikið við sögu Írlands. Hann er einn af þeim fáu víkingakonungum 9. aldar, sem getið er um í íslenzkum heimildum. Taldi Ari hinn fróði sig vera kominn frá honum í beinan karlegg. Rekur Ari ætt Ólafs til hinna sánsku Ynglingakonunga í Uppsöldum, en veit engin deili á Guðröði konungi Rögnvaldssyni föður hans. Telur hann Ólaf konung vera Ingjaldsson. Nú bregður svo undarlega við, að þrátt fyrir þessa ættfærslu Ara hefir sú arfsögn lifað í því byggðarlagi, sem hann var ættaður frá, að Ólafur konungur hafi verið af hinni dönsku konungsætt. Þótt slik arfsögn sé út af fyrir sig ekki mikilsvert sönnunargagn fyrir því, að

þeir feðgar Guðröður konungur í Lochlann og Ólafur í Dublin hafi verið danskir, styður hún þó óneitanlega þær likur, sem leiða má út frá erlendum heimildum um hinn nána skyldleika þeirra við Danakonunginn Hárek Guðröðarson.

Vist má telja, að ríkis Guðröðar konungs Rögnvalds-sonar hafi verið að leita norðan Jótlandshafs. Það er varla efi á því, að með heitinu Lochlann er átt við Noreg eða hluta þessa lands. Fornminjafundir frá víkingaöld benda ótvíraett til þess, að sambond og viðskipti Írlands og Skotlands við Noreg hafi verið miklu meiri en við hin Norðurlöndin; en þar með er ekki sagt, að það hafi fyrst og fremst verið Norðmenn, sem mynduðu víkingaríkin í Írlandi og herjuðu á Skotland á 9. öld. Það liggur þvert á móti beint við sú ætlun, að veldi Guðröðar konungs hafi aðallega stuðzt við danska útflytjendur, sem tekið höfðu sér búsetu í Noregi.

Pótt heimildirnar til sögu Norðurlanda á 9. öld séu næsta fáskrúðugar, má þó af þeim ráða, að yfirráð Dana norðan Jótlandshafs muni hafa haldizt allt til þess að Noregur varð konungsríki undir stjórn Haralds hárfagra, seint á öldinni. Að sögn fornrar írskrar heimildar sendi Guðröður Rögnvaldsson konungur í Lochlann Ólafi syni sínum í Dublin boð árið 871, að koma heim sér til hjálpar, því uppreist hefði verið gerð. Samkvæmt tímatali Ara fróða á einmitt orustan í Hafursfirði að hafa verið háð um þetta leyti — annaðhvort 871 eða 872. Gustav Storm hefir leitt hin ljósstu rök að því, að móttöðumenn Haralds hárfagra í Hafursfirði hafi verið þeir feðgar Ólafur og Guðröður konungur Rögnvaldsson. Sé þessu þannig varið, svo sem hinarserkustu likur benda til, þá hefir með orustunni í Hafursfirði verið bundinn endir á yfirráð hinna dönsku ætta

þar í landi um alllangt skeið. En minningin um hin töpuðu yfrráð Dana í Noregi hefir lifað hjá Danakonungunum. Haraldur konungur Gormsson gerði kröfу til yfrráða í Noregi og honum heppnaðist að leggja undir sig landið. Svo var einnig um son hans Svein tjúguskegg og sonarsoninn Knút hinn ríka. Það er því sízt að furða, þótt hinu volduga danska herveldi á fyrri hluta 9. aldar tækist að vinna bug á norsku smárikjunum áður en grundvöllur var lagður að hinni stjórnarfarslegu sameiningu Noregs sem þjóðrikis. Maður getur næstum sagt: Þannig hlýtur þetta að hafa verið.

Af samtímisheimildum norrænum um Harald hárfagra finnast nú aðeins tvö kvæðabrot eftir Þorbjörn Hornklofa: Glymrápa og Hrafnsmál. Af hinu síðarnefnda kvæði fáum vér allljósa hugmynd um það, að nokkurrar þjóðernislegrar mótssetningar og metnaðar hafi gætt í Noregi gegn Dönum á síðari hluta 9. aldar. Skáldið sjálfst virðist þó setja Danina skör hærra en Norðmennina. Slíkt verður aðeins skýrt út frá þeirri forsendu, að yfrráða og áhrifa Dana í Noregi hafi mjög mikið gætt á umliðnum tíma. Hér verður ekki um villzt. Hornklofi telur konungi sínum það beinlinis til lofs og sérstakrar sæmdar, að hann hafi tekið sér konu danska, en hafnað norscum meyjum:

Hafnaði Hólmyrgjum
ok Hörðameyjum
hverri enni heinversku
ok Holga ættar
konungr enn kynstóri
es tók konu danska.

Sú hugsun, sem felst á bak við slíkt lof sem þetta, gæti jafnvel bent til þess, að þá er Hornklofi flutti kvæði sitt, hafi Haraldur konungur ekki talið sig vera Norðmann.

Kemur þetta merkilega vel heim og saman við ummæli Þjóðólfs skálds í Ynglingatali, er hann kallar Eystein konung á Vestfold, forföður Haralds, »jöfur gauzkan«.

Í kvæði sínu kallar Hornklofi Harald konung bæði »drottin Norðmanna« og »alvald Austmanna«. Hið síðara heiti minnir mann ósjálfrátt á þá frásögn í Historia Norvegiæ, að Prándheimur hafi byggzt frá Svíþjóð. Hér er sennilega um þrænzka arfsögn að ræða, sem á rót sína að rekja til þess, að eitt sinn hafi kveðið mikið að innflutningi sænskra manna til Prándheims. Hvenær sá innflutningur hefir átt sér stað, verður nokkuð ráðið af fornminjafundum í Norður-Noregi frá því laust fyrir upphaf víkingaaldar. Shetelig hefir bent á það, að fornleifar Norður-Noregs frá þessum tímum beri svo öruggan voit sænskra menningaráhrifa, að gera megi ráð fyrir talsverðum aðflutningi sænskra manna til landsins. Sú ætlun liggar þá beint við, að það hafi verið voldugar ættir sænskar, sem með rétti hins meira máttar tóku sér bólfestu meðal Norðmannanna í Norður-Noregi. Áður en hinrar miklu víkingaferðir Svianna hófust til Eystrasaltslandanna og Rússlands, virðist þannig útþensluþörf hinnar sænsku þjóðar hafa fengið útrás vestur á böginn til Norður-Noregs og líklega einnig til Upplandanna.

Sé svo sem ætla má, að allmikið hafi kveðið að búsetu sænskra manna í Noregi norðanfjalls á öldinni áður en Ísland byggðist, má gera ráð fyrir því, að þátttaka fólks af sænskum ættum í landnámi Íslands hafi verið talsverð. Bæði nafngistir í fornættum og frásagnir Landnámabókar styðja þá ætlun. Ber þess einnig að gæta, að af þeim 39 landnámsmönnum, sem taldir eru merkastir, var hér um bil þriðjungurinn kominn frá norðurfylkjum Noregs. Að fráskildum einum manni, tóku þeir sér allir búsetu á Suður- og Austurlandi. Sérstaklega

virðast þó menn frá Norður-Noregi hafa byggt Austfirði og flestir vera frá Þrándheimi, en þó einnig allmargir frá Vors á Hörðalandi. Bendir margt til þess, að á Vors hafi sænskar ættir tekið sér setu nokkru áður en Ísland byggðist, og má víst í því sambandi benda á ættir Hörða-Kára og Þorviðar Freyviðarsonar. Af fyrnefndu kyni er Úlfhljótur, fyrsti lögsögumaðurinn, talinn að vera.

Svo sem kunnugt er, gáfu hinir gömlu íslenzku sagnaritarar þá skýringu á útflutningi manna frá Noregi til Íslands, að Haraldur konungur hafi tekið óðalsréttinn af bændum og eignað sér allar jarðir í Noregi. »Undan slíkri áþján og órétti flýðu hinir stærri bændur og höfðingjar land, þeir er ekki vildu gerast leiguliðar konungs«. Þannig hljóðar þessi merkilega skýring á meginorsökinni til þess, að Ísland byggðist úr Noregi. Nú er það öldungis víst, að íslenzku sagnaritararnir á 13. öld hafa vitað góð skil á því, að óðalsréttur gilti í Noregi og að svo hafði verið um ómunatið. Snorri Sturluson telur því Hákon Aðalsteinsfóstra veita bændunum óðalsrétt að nýju og hin fornu óðöl sín. Þannig reynir hann að bjarga við kenningunni um það, að landnámsmenn Íslands hafi flúið Noreg, sökum þess að þeir hafi ekki viljað vera leiguliðar Haralds konungs. Vér sjáum, að það er engin tilviljun, að Snorri hyggur það hafa verið Hákon konung, sem gaf bændunum aftur óðölin. Hann tók einmitt konungdóm um það bil sem landnánum lauk á Íslandi og var talinn hinn mesti löggjafi.

Það má heita sjálfgefið, að sú gamla kenning er röng, að Haraldur konungur hafi svipt þegna sína óðöllum þeirra. Ef hann hefði reynt að koma fram slíku ofbeldi gegn yfirstétt landsins, mundi konungdómi hans hafa verið lokið á samri stundu. Hinir beztu fræðimenn hafa

og sýnt og sannað, að fornu frásagnirnar um stjórnarathafnir Haralds hárfagra fá ekki staðizt vísindalega gagnrýni og allra sízt kenningin um töku óðalanna. En um leið og vér lítum þannig á málið, rís sú spurning, hvernig gömlu sagnariturunum hafi hugkvæmzt skýring sín á fólksflutningunum frá Noregi til Íslands, sem stang-aðist svo mjög við þá alþekktu staðreynd, að óðalsréttur gilti í Noregi og hafði gilt þar svo lengi sem vitað var. Þessari spurningu er auðsvarað. Í hinum íslenzku höfðingjaættum hafa bersýnilega gengið sagnir um það, að ættfeðurnir, sem fluttu til Íslands í stjórnartíð Haralds hárfagra, hafi yfirgefið Noreg vegna þess, að þeir voru sviptir jarðeignum sínum. Eftir að Haraldi konungi, með tilstyrk hinnar óðalbornu norsku höfðingjastéttar, hafði tekizt að sameina Noreg, hafa hinar erlendu ættir, er setzt höfðu að í landinu, verið knúðar til þess að láta af hendi þær óðalsjarðir, sem þær höfðu komizt yfir þar. Þær ættir, sem skemmta viðvöl höfðu haft í Noregi, hafa auðvitað orðið harðast úti. Og nú skiljum vér, hvers vegna íslenzku landnámsmennirnir komu aðallega frá vesturfylkjum Noregs og Hálogalandi. Þar hafa hinar erlendu ættir setzt að seinna en í Þrándheimi og suð-austurhluta Noregs og því síður verið búnar að samlagast menningar- og stjórnarháttum Norðmanna, er Haraldur hárfagri hófst til valda sem norskur þjóðkonungur.

Þótt höfuðorsökin til hins mikla útstreymis manna frá Noregi til Íslands muni vera sú, sem nú var greint, er sjálfgefið, að það hefir ekki bara verið fólk af dönskum og sánskum uppruna, sem flutti hingað á landnámsöldinni. Vafalaust hefir talsvert af Norðmönnum komið með. Auk þess verður að gera ráð fyrir því, að allmargir landnemanna hafi verið af dansk-norskum eða

sænsk-norskum ættum. En á því virðist varla leika efi, svo sem fyrr var frá skýrt, að danskra áhrifa við fyrstu þróun hins íslenzka þjóðlifs hafi gætt mest. Þar með er vitanlega ekki sagt, að fólk af dönskum uppruna hafi verið í meiri hluta á Íslandi við lok landnámsaldar. — Og því má ekki gleyma, þegar rætt er um íslenzkt þjóðerni, að orð Ara hins fróða um uppruna merkustu landnámsmannanna benda ótvíraett til þess, að keltneskrar blóðblöndunar hafi hér á landi gætt miklu meira en almennt er talið.